

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 11. ágúst 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Hann er stofnaður samkvæmt ákvörðun Haraldínu Helgu Sigurðardóttur og Sigurðar Jónssonar, Fjölnisvegi 18, Reykjavík, í sameiginlegri erfðaskrá þeirra dags. 25. maí 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur eftir þau hjón, samtals kr. 2 268 833, tvær milljónir tvö hundruð sextíu og átta þúsund átta hundruð þrjátíu og þrjár krónur, en höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, er kr. 50 000.

3. gr.

Varðveisla sjóðsins og ávöxtun er í höndum stjórnar Vísindasjóðs. Stjórn Vísindasjóðs ákveður fjárhæð þá, sem veitt er úr sjóðnum hverju sinni.

4. gr.

Tekjur sjóðsins og/eða stofnfé, sbr. þó 2. gr. um höfuðstól, skal varið til eflingar rannsóknum í meinafræði (þaþólógi) manna og dýra. Stjórn raunvísindadeildar Vísindasjóðs úthlutar styrkjum úr sjóðnum og annast eftirlit með að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, þegar þeir voru veittir.

5. gr.

Verði veruleg breyting gerð á raunvísindadeild Vísindasjóðs eða hún lögð niður án þess að annar aðili komi í hennar stað, skal fé sjóðsins renna til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum eða annarrar slíkrar stofnunar á vegum Háskóla Íslands samkvæmt ákvörðun háskólaráðs.

6. gr.

Um endurskoðun og birtingu reikninga fer að lögum um eftirlit með opinberum sjóðum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.